



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ	
M. 10.90.0	Áðm. RÍH
Innk.	7. OKT. 2011
IRR 11080312	

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 6. október 2011


Tilvísun: 2011060041
02.00

Innanríkisráðuneytið
Hr. Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra
Sölvhólsgötu 7
150 REYKJAVÍK

Hjálagt sendist innanríkisráðherra viðauki við athugasemdir ríkislöggreglustjóra 4. þ.m. við ábendingu Ríkisendurskoðunar frá 27. september sl.

Haraldur Johannessen / Guðmundur Guðjónsson

Haraldur Johannessen / Guðmundur Guðjónsson



Athugasemdir
ríkislögreglustjóra
við ábendingu
Ríkisendurskoðunar

VIÐAUKI



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Efnisyfirlit

Lög um opinber innkaup nr. 84/2007 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga.....	2
Rangfærslur Ríkisendurskoðunar.....	5
Umfjöllun fjölmiðla	6

Lög um opinber innkaup nr. 84/2007 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga.

Ríkislögreglustjóri hefur fjallað um meginröksemd Ríkisendurskoðunar um að lög um opinber innkaup nr. 84/2007 hafi verið brotin, en í ábendingu Ríkisendurskoðunar segir:

„Samkvæmt flokkunarkerfi Evrópusambandsins (CPV) falla hins vegar allar umræddar vörur undir flokkinn 35200000-6 Police Equipment og teljast því ein og sama vara. Í samræmi við þetta telur Ríkisendurskoðun augljóst að RLS bar að bjóða kaupin út.“

Til viðbótar rökstuðningi ríkislögreglustjóra sem áður er fjallað um og hnekkir niðurstöðu Ríkisendurskoðunar skal bent á að samkvæmt 36. lið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga, tekur tilvitnun Ríkisendurskoðunar til tilvísunarflokkunarkerfis fyrir opinbera samninga en ekki lögmætis innkaupa ríkislögreglustjóra.

Árið 2004 var samþykkt tilskipun Evrópuþings og ráðsins 2004/18/EB um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga. Þessi tilskipun er grunnheimild EB um opinber innkaup en skyld er að skýra lög um opinber innkaup í samræmi við hana. Einnig var samþykkt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB. Þessar tilskipanir voru teknar upp í XVI. viðauka við EES samninginn 2. júní 2006.

Búnaðarkaupin fóru fram með þöntun þann 30. október 2009 en kaupin voru gerð á grundvelli yfirvofandi neyðarástands skv. hættumati greiningardeildar frá 30. september og 7. október 2009 og byggð á heimild c. liðar 33. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007.

Ríkislögreglustjóri fól lögfræðingi hjá embætti ríkislögreglustjóra að yfirfara athugasemdir ríkislögreglustjóra frá 4. þ.m. við ábendingu Ríkisendurskoðunar frá 27. september sl. og vinna álitsgerð varðandi kaup embættisins á búnaði af fyrirtækinu Trademark ehf. Álit lögfræðingsins er svohljóðandi:

Samkvæmt 33. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007¹ eru samningskaup án opinberrar birtingar útboðsauglysingar heimilar í ákveðnum tilvikum án tillits til þess hvort um er að ræða innkaup á verki, vöru eða þjónustu. Þetta ákvæði er nánast samhljóða 31. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004

Samkvæmt b. lið 33. gr. eru samningskaup án opinberrar birtingar útboðsauglysingar heimilar þegar aðeins eitt fyrirtæki kemur til greina af tæknilegum eða listrænum ástæðum eða sökum þess að um lögverndaðan einkarétt er að ræða.

Í c lið fyrrnefndis ákvæðis eru samningskaup heimil án opinberrar birtingar útboðsauglysingar þegar innkaup eru algerlega nauðsynleg vegna aðkallandi neyðarástands sem stafar af ófyrirsjáanlegum atburðum og ekki er unnt að standa við fresti í almennu útboði, lokuðu útboði eða samningskaupum skv. 32.-gr. Í athugasemdum við frumvarp til OIL er vísað til athugasemda við það frumvarp sem varð að lögum um opinber innkaup nr. 94/2001 (brottfallin). Í þeim athugasemdum (við 20. gr. laga nr. 94/2001) segir að þessi frávik séu taemandi talin í greinunum og beri því að skýra þær þrengjandi í samræmi við almennar reglur. Sérstaklega á þetta við um

¹ Hér eftir skammstafað OIL

heimildir til samningskaupa án undangenginnar auglýsingar skv. 20. gr. þágildandi laga nr. 94/2001.

Eins er vísað til þess í athugasemdum við frumvarp til OIL að ákvæðið (33. gr. OIL) sé sambærilegt 31. gr. tilskipunar nr. 2004/18/EB, en þar segir í 1. tl. c liðar að heimilt sé að gera opinbera samninga með samningskaupum án undangenginnar birtingar útboðstilkynningar t.d ef það er algerlega nauðsynlegt og ekki er hægt, af knýjandi ástæðum sem viðkomandi samningsyfirlögd gátu ekki séð fyrir, að standa við fresti sem gilda við almenn eða lokað útboð eða samningskaup, að undangenginni birtingu útboðstilkynningar, eins og um getur i 30. gr. Þær aðstæður sem skírskotað er til sem knýjandi, mega ekki undir neinum kringumstæðum skrifast á reikning samningsyfirlvalds.

Eins og fram kemur á bls. 10 hefur greiningardeild regluglegra sent frá sér skýrslur þar sem leitast hefur verið við að leggja mat á ástand mála innanlands; hættu á upphötum, mögulega ógn við öryggi ráðamanna þjóðarinnar o.fl. Einnig hafa verið unnar skýrslur þar sem reynt hefur verið að leggja mat á þróun mála með tilliti til afþrota og skipulagðrar glæpastarfsemi.

Í mars 2009, þegar tillögur um búnaðarkaup voru send dómsmálaráðherra var mat manna að staðan varðandi upphot væri viðvarandi og ástandið gæti hvenær sem er breyst til hins verra. Svör um aukafjárveitingu til búnaðarkaupa höfðu ekki enn borist 4. maí s.á. Svar ráðuneytis barst síðan 10. júní og var á þá leið að ekki væru til fjárhjemildir en tillaga yrði gerð um aukafjárveitingu til búnaðarkaupa. Áfstaða löggreglu var því að ekki væri ráðlegt að hefja innkaupaferli án þess að fyrir lægi fjárveiting fyrir þeim.

Hættumat greiningardeildar útgefið 30. september 2009 var ívið alvarlegra en áður hafði verið og gaf það sterklega til kynna að ástandið í þjóðféluginu væri slikt að ástæða væri til að vara við margvislegri ógn. Spenna ætti eftir að aukast í þjóðféluginu á næstu vikum og mánuðum og óvæntar rásir atburða gætu á skammri stundu raskað þeim viðkvæma stöðugleika sem ríkti á þeim tíma. Þann 7. október, rétt viku síðar, varaði greiningardeild við því að ástand í þjóðféluginu væri sliktig að það gæti kallað fram öfgafull viðbrögð og margvislegir þættir gætu snögglega aukið ólgu í þjóðféluginu. Neyðarástundið var sliktig að dómsmálaráðherra samþykkti að ríkislöggreglustjóri og löggreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ráðstöfudu fjármunum úr rekstri embættanna til búnaðarkaupa vegna hættuástands í þjóðféluginu. Sú þöntun var gerð 30. október, mánuði eftir að greiningardeild mat ástandið í þjóðféluginu svo að þörf væri á að vara við margvislegri ógn. Augljóst er að ef ríkislöggreglustjóri hefði ekki metið að um neyðarástand í þjóðféluginu væri að ræða hefðu kaup á búnaðinum aldrei verið fjármögnud með þessum hætti.

Sú staða (í þjóðféluginu) sem upp kom um mánaðarmót september og október var ekki fyrirsjánleg þegar óskað var eftir fjárveitingu til búnaðarkaupa. Það alvarlega þjóðfélagsástand sem þá ríkti, eins og fram kemur hér að ofan, þegar umraeddur búnaður var pantaður var ófyrirsjánlegt. Til þess að mögulegt hefði verið að koma í veg fyrir þá miklu hættu og ógn sem ríkti í samféluginu hefði ekki verið möguleiki að standa við þá fresti sem útboð krefst, sbr. 32. gr. OIL². Kaupin voru gerð til þess að mæta neyðarástandi sem skapast hafði og ekki var hægt að sjá fyrir. Ástæður kaupanna voru knýjandi vegna aðkallandi neyðarástands.

Hefði löggregla ekki brugðist við því ógnandi hættuástandi og spennu sem ríkti í þjóðféluginu á þeim tíma hefði illa getað farið enda höfðu þá þegar sjö löggreglumenn slasast, þar af einn alvarlega. Í því neyðarárræði, sem kaupin á búnaðinum voru, var löggreglan að sinna hlutverki sín, sbr. löggreglulög nr. 90/1996.

² Í VIII. kafla OIL er fjallað um framkvæmd opinberra innkaupa en frestur í almennu útboði skal vera minnst fimmtán almanaksdagar, sbr. 58. gr. Samkv. 60. gr. er heimild fyrir svokölluðu hraðútboði en heimilt er að hraða útboði af ástæðum sem kaupanda verður ekki um kennt og er þá heimilt að víkja frá 58. og 59. gr. Frestur til að skila tilboðum skal þó aldrei vera skemmri en sjö almanaksdagar frá birtingu auglýsingar.

Frá því að íslenska fjármálakerfið hrundi haustið 2008 hefur löggreglan glímt við margvísleg og krefjandi verkefni vegna þess þjóðfélagsástands sem skapaðist í kjölfarið. Fyrst í stað var aðalega um mótmæli að ræða sem urðu sifellt ofbeldisfyllri. Álag á löggregluna jókst einnig vegna öryggisgæslu æðstu stjórnar ríkisins, aukinnar afbrotatíðni og skipulagðrar glæpastarfsemi.

Eftir að ríkisstjórn Geirs H. Haarde fór frá völdum komst á viðkvæmur stöðugleiki í þjóðféluginu hvað varðar ofbeldisfullar mótmælaðgerðir. Vegna þess hve vanbúin löggreglan var til þess að takast á við aðstæður, s.s. í janúar 2009, ákváðu löggregluyfirvöld að óska eftir sérstakri fjárveitingu til búnaðarkaupa. Á þeirri stundu var ekki talið að slík kaup væru algjörlega nauðsynleg strax vegna aðkallandi neyðarástands. Hins vegar væri ljóst að löggreglan væri ekki nægilega vel útbúin til þess að takast á við slík verkefni eins og reynslan í óeirðum í janúar 2009 hafði sýnt.

Þann 10. júní 2009 barst svar frá dómsmálaráðuneytinu um að gerðar yrðu tillögur um aukafjárveitingu til búnaðarkaupa fyrir lögreglu. Enn var sú staða í þjóðféluginu að viðkvæmur stöðugleiki ríkti.

Ljóst varð haustið 2009 að ekki fengist aukafjárveiting né fjárveiting í fjárlögum ársins 2010. Þegar hættumat greiningardeildar dags. 30. september 2009 birtist varð löggregluyfirvöldum ljóst að vegna margvíslegra ástæðna væri aukin hætta á að ástandið kynni að versna verulega. Tilteknar voru margvíslegar ástæður sem gætu valdið því að ólga í þjóðféluginu myndi aukast snögglega. Má þar nefna óvænta rás atburða og nýjar upplýsingar tengdar hruni íslenska fjármálakerfisins svo sem útgáfa skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Af hálfu hennar hafði verið upplýst opinberlega að skýrslan myndi innihalda upplýsingar sem yrðu þjóðinni erfiðar.

Greiningardeild ítrekaði viðvaranir í hættumati 7. október 2009 um að spenna væri að aukast í þjóðféluginu á næstu vikum og mánuðum sem gæti leitt til fjöldamótæla og öfgafullra viðbragða. Slíkt ástand gæti strax skapast.

Löggregluyfirvöld stóðu frammi fyrir aðkallandi neyðarástandi vegna þess að sá stöðugleiki sem ríkt hafði frá febrúar væri ekki lengur til staðar. Slíkt hafði ekki verið séð fyrir að myndi gerast strax árið 2009 og löggreglan ráðið við ástandið eins og það var frá því í febrúar 2009 með þeim búnaði sem hún hafði yfir að ráða þótt vissulega þyrfti að bæta hann til framtíðar horft og því verið gerð tillaga um slíkt til dómsmálaráðherra.

Löggregluyfirvöld mátu stöðuna sem upp var komin þannig að löggreglan væri vanbúin til þess að takast á við þær aðstæður sem myndu fylgja aðkallandi neyðarástandi. Algjörlega nauðsynlegt væri að hefja strax innkaup á búnaði til að tryggja líf og heilsu löggreglumanna sem teftir væri fram við þær aðstæður sem reynslan frá því í janúar 2009 hafði sýnt að væru lífshættulegar. Óttast var að þróun málá í þjóðféluginu yrði eins og varð árið áður þegar vaxandi ólga var um haustið sem blossaði síðan upp í janúar 2009. Því var talin algjör nauðsyn og knýjandi þörf á því að gera löggregluna betur hæfa til þess að koma í veg fyrir að algjör upplausn yrði í þjóðféluginu.

Þrátt fyrir að ekki væri til staðar fjárveiting til búnaðarkaupa og að löggreglan glímdi við mikinn niðurskurð fjárveitinga var ástandið metið það alvarlegt að aflað var heimildar dómsmálaráðherra til þess að ráðstafa fjármunum úr rekstri ríkislöggreglustjóra og löggreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til kaupanna.

Í október 2009 kom til margvíslegra tilfella svo sem mótmæli við aðallöggreglustöðina í Reykjavík og í miðbæ Reykjavíkur og óttast var að ástandið myndi hríðversna.

Því var tekin ákvörðun um að fara út í kaup án opinberrar birtingar útboðsauglýsingar enda er slíkt heimilt samkvæmt c. lið 33. gr. laga um opinber innakaup nr. 84/2007. Aflað var tilboða hjá fleiri en einum aðila og í framhaldinu pantaður búnaður frá fyrirtækinu Trademark ehf. þann 30. október 2009.

Áframhald var á mótmælum í nóvember og desember 2009 s.s. við heimili dómsmálaráðherra og á Austurvelli. Sérstakur viðbúnaður var við Alþingi vegna umræðu og atkvæðagreiðslu um Icesave frumvarp. Til róstra kom við Alþingi um áramótin þegar ráðherrar og Alþingismenn voru að yfirgefa staðinn og voru unnar skemmdir á bifreiðum forsætis-, fjármála- og umhverfisráðherra.

Í janúar 2010 þurfti lögreglan ítrekað að vera með mannfjöldastjórnunarviðbúnað í Héraðsdómi Reykjavíkur og vegna mótmælafunda á Austurvelli. Margvísleg mótmæli og aðgerðir hafa verið síðan þá.

Það er mat lögreglu að innkaup sérbúnaðar hafi gert lögregluna í stakk búna til þess að ráða við og koma í veg fyrir að ílla færi vegna ófriðsamlegra mótmælaðgerða auk þess að öryggi lögreglumanna hafi verið betur tryggt.

Það var rétt ákvörðun að ráðast strax í kaup á búnaðinum um mánaðarmótin október / nóvember 2009 ella hefði lögregla ekki getað sinnt hlutverki sínu samkvæmt 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Aðgerðarleysi lögregluyfirvalda hefði verið ámælisvert.

Ríkislöggreglustjóri bendir á að ekki þekkist hjá aðildarríkjum Evrópusambandsins að sambærilegar stofnanir og Ríkisendurskoðun endurmeti árum síðar það mat sem lögregluyfirvöld hafa gert varðandi yfirfandi hættuástand í ríkjunum enda er það aðeins á færi lögreglu og dómstóla.

Um það hvort lögregluyfirvöld hafi farið að lögum nr. 84/2007 og regluverki Evrópusambandsins er ekki í valdi ríkisendurskoðanda að fella dóm um, eins og Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur réttilega bent á, heldur þar til bærra dómstóla.

Ríkislöggreglustjóri ráðfærði sig við Dr. Niels Bracke, lögfræðing á aðalskrifstofu ráðherraráðs Evrópusambandsins þann 5. þ.m. Álit hans er í samræmi við niðurstöðu ríkislöggreglustjóra.

Rangfærslur Ríkisendurskoðunar

Eins og ríkislöggreglustjóri hefur bent á eru rangfærslur í ábendingu Ríkisendurskoðunar um veigamikil atriði varðandi innkaup löggæslustofnana. Ástæða þykir til að geta frekar um eftirfarandi.

Meðal þeirra stofnana sem eru í úttekt Ríkisendurskoðunar er fangelsismálastofnun. Samkvæmt töflu 1. í ábendingu Ríkisendurskoðunar eru viðskipti fangelsismálastofnunar á tímabilinu 2008 til 2011 alls um 5 m.kr. Með því að telja fangelsismálastofnun til löggæslustofnana hækkar Ríkisendurskoðun innkaupafjárhæð löggæslustofnana um þessa upphæð. Innkaup þeirra stofnana sem með réttu teljast löggæslustofnanir eru 86,2 m.kr. en ekki 91,3 m.kr. eins og Ríkisendurskoðun heldur fram.

Í kafla um umsjónarhlutverk ríkislöggreglustjóra kemst Ríkisendurskoðun að þeirri niðurstöðu að ríkislöggreglustjóri skuli að lágmarki vera upplýstur um fyrirhuguð innkaup löggregluembætta og annast útboð í samstarfi við Ríkiskaup. Þetta er niðurstaða sem gengur gegn ákvæðum 38. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 og 49. gr. fjárreiðulaga nr. 88/1997.

Einnig er rétt að vekja athygli innanríkisráðherra á að í innkaupastefnu ríkisins, sem samþykkt var af ríkisstjórn Íslands þann 15. nóvember 2002 og er enn í gildi, kemur skýrt fram að ábyrgð á innkaupum

er hjá forstöðumanni hverrar ríkisstofnunar. Efnisatriði stefnunnar hefur stjórnsýslulegt gildi fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir. Þar kemur eftirfarandi fram:

„Ákvarðanir um innkaup falla undir ábyrgð og skyldur forstöðumanna sbr. 38. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Forstöðumaður ber ábyrgð á að stofnun, sem hann stýrir, starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf og ber jafnframt ábyrgð á því að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.“

Innkaupastefna ríkisins, Reykjavík 2002, bls. 10

Það er því sérkennilegt að Ríkisendurskoðun skuli komast að niðurstöðu sem gengur gegn ákvæðum laga sem fjalla um hlutverk og ábyrgð forstöðumanna ríkisins og stjórnvaldsfyrirmælum.

Ríkisendurskoðun tók saman í töflu 1. í ábendingu sinni viðskiptaupplýsingar er varða viðskipti ríkislögreglustjóra við Landstjörnuna ehf. Þar er farið rangt með fjárhæðir.

Ríkisendurskoðun heldur því fram að reikningi hafi vísvitandi verið skipt í þrennt til þess að komast hjá útboðskyldu. Þetta er rangt enda voru kaupin ríkislögreglustjóra heimil, eins og fyrr hefur verið rakið.

Umfjöllun fjölmiðla

Föstudaginn 23. september 2011 fékk embætti ríkislögreglustjóra upplýsingar um að fréttamaður á RÚV hefði leitað til innanríkisráðuneytisins vegna ábendingar Ríkisendurskoðunar um innkaup löggæslustofnana. Á þessum tíma var Ríkisendurskoðun ekki búin að birta ábendingu sína en það var ekki gert fyrr en 27. september sl. Þannig virðast upplýsingar um ábendingu Ríkisendurskoðunar hafa borist fjölmiðlum nokkru áður en hún var birt opinberlega.

Ríkisendurskoðun birti fréttatilkynningu um ábendingu sína á vefsíðu stofnunarinnar þann 27. september sl. undir fyrirsögninni „Löggæslustofnanir virði ákvæði laga um opinber innkaup“.

Í fréttatilkynningu Ríkisendurskoðunar má m.a. finna skýringu þess að fjölmiðlar beindu eingöngu spjótum sínum að ríkislögreglustjóra en ekki öðrum löggæslustofnunum, en þar segir:

„Samkvæmt löggreglulögum ber RLS að hafa umsjón með kaupum á ökutækjum, búnaði og fatnaði löggreglu. Í ábendingunni kemur fram að árið 2008 keyptu sjö löggæslustofnanir búnað af Landstjörnunni ehf. fyrir um 7 milljónir króna án þess að kaupin hefðu verið boðin út. Ríkisendurskoðun telur að RLS hefði átt að efna til útboðs vegna þessara viðskipta í samstarfi við Ríkiskaup.“

Umfjöllum um ábendingu Ríkisendurskoðunar hófst á vefmiðlum upp úr klukkan ellefu að morgni 27. september sl. Þannig var fjallað um málið á mbl.is undir fyrirsögninni „Lögreglan brýtur lög“. Fyrirsögn ruv.is var „Segir löggreglu brjóta lög“ og á visi.is var yfirskrifin „Svört skýrsla um milljónainnkaup löggreglunnar“. Ríkislögreglustjóri sendi 27. september sl. tvær fréttatilkynnigar þar sem gerðar voru athugasemdir við ábendingu Ríkisendurskoðunar.

Ásakanir Sveins Arasonar ríkisendurskoðanda á hendur ríkislögreglustjóra um lögþrot leiddu til mikillar umfjöllunar í fjölmiðlum. Hér á eftir er hluti þessarar umfjöllunar.

*

Bylgjan þann 27. september 2011

Fréttir 12:00

Fréttamaður: Breki Logason

„Ólögleg vörukaup ríkislöggreglustjóra

Ríkislöggreglustjóri og Löggregluskólinn keyptu vörur af fjórum fyrirtækjum í eigu löggreglumanna eða náinna venslamanna þeirra fyrir samtals 91 milljón króna á rúmlega þriggja ára tímabili. Ríkisendurskoðun telur hluta þessara viðskipta brjóta í bága við lög um opinber innkaup.

Í ábendingu Ríkisendurskoðunar sem send var fjlömiðlum í morgun kemur fram að á fyrrnefndu tímabili hafi embætti ríkislöggreglustjóra keypt nokkrum sinnum vörur af fyrirtækjunum Landstjörnunni ehf. en það er í eigu foreldra manns sem starfaði sem löggreglumaður þegar meirihluti viðskiptanna fór fram. Ekki var aflað tilboða frá öðrum fyrirtækjum áður en kaupin voru gerð en fjárhæðir voru undir viðmiðunarmörkum útboðsskyldu. Þá segir enn fremur að ríkislöggreglustjóri hafi keypt búnað af fyrirtækinu Trademark ehf. sem er í eigu eiginkonu löggreglumanns fyrir 12,6 milljónir króna án þess að kaupin hefðu verið boðin út. Ríkislöggreglustjóri heldur því fram að ekki sé rétt að líta þessi viðskipti sem ein kaup heldur þrenn og að fjárhæðir hafi verið undir viðmiðunarmörkum útboðsskyldu í öllum tilvikum.

Þessu hafnar Ríkisendurskoðun. Þá keypti Löggregluskóli ríkisins búnað af Trademark ehf. fyrir samtals 12,7 milljónir króna í desember 2010. Hvorki var efnt til útboðs áður en kaupin voru gerð né aflað tilboða frá fleiri fyrirtækjum. Ríkisendurskoðun telur að innanríkisráðuneytið þurfi að segja til um hvort það samrýmist störfum löggreglumanna að eiga og eða starfa hjá fyrirtækjum sem löggreglan á í viðskiptum við. Þá telur Ríkisendurskoðun að löggæslustofnanir þurfi að taka verklag sitt við útboð og verðfyrirspurnir til endurskoðunar.

Og meira þessu tengt því hingað var að berast tilkynning frá ríkislöggreglustjóra vegna málsins. Í henni segir að ríkislöggreglustjóri sé sammála Ríkisendurskoðun um að innkaup eigi að bjóða út eða leita tilboða í samræmi við lög um opinber innkaup. Hins vegar vekur ríkislöggreglustjóri athygli á því að innkaupin sem þarna um ræðir, til að mynda á gasi og öðrum óeirðabúnaði fyrir löggregluna, hafi verið skyndiinnkaup vegna neyðarástands sem skapaðist í kjölfar efnahagshrunsins á Íslandi og ómógulegt hafi verið að láta útboð fara fram undir þeim kringumstæðum sem þá ríktu í þjóðféluginu. Þá segir að ríkislöggreglustjóri hafi ákveðið, að höfðu samráði við dómsmálaráðherra, að leita allra leiða til að afla nauðsynlegs öryggis- og varnarbúnaðar fyrir löggregluna. En meira verður fjallað um þetta mál í kvöldfréttum okkar.“

*

Ríkisútværpið - Rás 1 og 2 þann 27. september 2011

Hádegisfréttir 12:20

Fréttamaður: Jóhann Bjarni Kolbeinsson

„Segir löggreglu brjóta lög

Löggæslustofnanir keyptu vörur af fjórum fyrirtækjum í eigu löggreglumanna eða náinna venslamanna þeirra fyrir rúmar 90 milljónir króna á þriggja ára tímabili. Ríkisendurskoðun gerir alvarlegar athugasemdir við sum viðskiptanna og segir þau brjóta í bága við lög um opinber innkaup.

Fyrr á þessu ári bárust Ríkisendurskoðun upplýsingar um að löggæslustofnanir landsins keyptu ýmis konar vörur af fyrirtækjum í eigu löggreglumanna eða náinna venslamanna þeirra án þess að leita

tilboða. Í lögum um kaup stofnana og fyrirtækja ríkisins segir að bjóða skuli út öll innkaup á vörum yfir 5 milljónum króna.

Ríkisendurskoðun hefur aflað upplýsinga um viðskipti 14 löggæslustofnana við fjögur fyrirtæki, Hindrun ehf., Hiss ehf., Landstjörnuna ehf. og Trademark ehf. en öll eru fyrirtækin í eigu lögreglumannna, foreldra þeirra eða eiginkvenna. Á tímabilinu frá janúar 2008 til apríl 2011 námu viðskipti stofnananna við fyrirtækin fjögur rúnum 90 milljónum króna. Viðskiptin voru að mestu með óeirðabúninga, hjálma, grímur, vesti, kylfur og piparúða. Að mati Ríkisendurskoðunar brýtur hluti viðskiptanna í bága við ákvæði laga um opinber innkaup. Ríkislögreglustjóri keypti vörur af Landstjörnunni fyrir tærar 14 milljónir króna á tímabilinu. Fyrirtækið er í eigu foreldra fyrrverandi lögreglumanns sem var starfandi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu þegar meirihluti viðskiptanna áttu sér stað. Í engu tilviki var aflað tilboða frá öðrum fyrirtækjum. Þá keypti embætti Ríkislögreglustjóra vörur af fyrirtækinu Trademark fyrir rúmar 26 milljónir króna á tímabilinu en fyrirtækið er í eigu eiginkonu lögreglumanns hjá embættinu. Stór hluti þessara viðskipta var í desember árið 2009 þegar vörur fyrir tærar 13 milljónir króna voru keyptar. Viðskiptunum var skipt á þrjá reikninga sem allir voru lægri en 5 milljónir króna en eins og áður segir ber að bjóða út innkaup á vörum yfir þeirri upphæð. Samkvæmt lögum um opinber innkaup er óheimilt að skipta viðskiptum upp í því skyni að þau verði undir viðmiðunarmörkum útboðsskyldu. Ríkisendurskoðun telur augljóst að Ríkislögreglustjóra hafi borið að bjóða kaupin út. Þá keypti Lögreglusklí ríkisins búnað af Trademark í desember árið 2010 fyrir tærar 13 milljónir króna án þess að afla tilboða. Ríkisendurskoðun minnir löggæslustofnanir á að þeim beri að virða ákvæði laga um opinber innkaup. Nauðsynlegt sé að þær taki verklag við útboð og verðfyrirspurnir til endurskoðunar.

Og vegna athugasemda Ríkisendurskoðunar vill ríkislögreglustjóri koma því á framfæri að hann sé sammála því að innkaup eigi að bjóða út eða leita tilboða í samræmi við lög um opinber innkaup. Hins vegar hafi kaup á gasi og öðrum óeirðabúnaði fyrir lögregluna verið skyndiinnkaup vegna neyðarástands sem skapaðist í kjölfar efnahagshrunsins. Ómögulegt hafi verið að láta útboð fara fram við þær aðstæður sem þá ríktu í þjóðfélaginu. Ríkislögreglustjóri hafi ákveðið að höfðu samráði við dómsmálaráðherra að leita allra leiða til að afla nauðsynlegs öryggis- og varnarþúnaðar fyrir lögregluna.“

*

Ríkisútværið - Rás 1 og 2 þann 27. september 2011

Kvöldfréttir 18:00

Fréttamaður: Jóhann Bjarni Kolbeinsson

„Fréttirnar mikil vonbrigði

Varaformaður fjárlaganefndar segir fréttir af innkaupum embættis ríkislögreglustjóra mikil vonbrigði. Hann gerir fastlega ráð fyrir því að hlutaðeigandi verði kallaðir fyrir fjárlaganefnd.

Ríkisendurskoðun hefur rannsakað viðskipti 14 löggæslustofnana við fjögur fyrirtæki sem öll eru í eigu lögreglumannna, foreldra þeirra eða eiginkvenna. Á tímabilinu frá janúar 2008 til apríl 2011 námu viðskipti stofnananna við fyrirtækin rúnum 90 milljónum króna. Viðskiptin voru að mestu með óeirðabúnað, svo sem hjálma og grímur. Að mati Ríkisendurskoðunar brýtur hluti viðskiptanna í bága við ákvæði laga um opinber innkaup sem kveða á um að bjóða skuli út öll innkaup yfir fimm milljónum króna. Alvarlegasta brotið að mati Ríkisendurskoðunar átti sér stað í desember árið 2009. Þá keypti ríkislögreglustjóri vörur af fyrirtækinu Trademark ehf. fyrir tærar 13 milljónir króna en fyrirtækið er í eigu eiginkonu lögreglumanns hjá embættinu. Viðskiptunum var skipt á þrjá reikninga sem allir voru lægri en fimm milljónir króna en eins og áður segir ber að bjóða út innkaup á vörum yfir þeirri upphæð. Björn Valur Gíslason, þingmaður VG og varaformaður fjárlaganefndar, segir að fréttirnar hafi komið sér mjög á óvart.

Björn Valur Gíslason, þingmaður VG: Dauða mínum átti ég nú von frekar heldur en að sjálfur ríkislögreglustjóri myndi lenda í svona máli, að verða uppvís að svona máli, eins og mér sýnist að Ríkisendurskoðun sé að benda á. Ég hélt satt að segja, satt best að segja að við værum búin að fá nóg af svona málum en, en það er lengi von á einum.

Björn Valur segist líta málið mjög alvarlegum augum.

Björn Valur Gíslason: Sko upphæðirnar sem slikein eru ekki alvarleiki málsins heldur það hversu fúsir menn virðast vera til að fara illa með opinbert fé ef þeir komast í það á annað borð. Þá er bara eins og mönnum sé óeðli tamt og þeir láti sér einskis varða um hverjar gerðir þeirra eru. Þetta veldur mér áhuggjum og þetta eru bara mikil vonbrigði að stofnun að þessu tagi skuli falla í pennan pitt.

Björn Valur gerir fastlega ráð fyrir að málið verði tekið fyrir í fjárlaganefnd.

Björn Valur Gíslason: Og þá hlýtur þetta mál að vera tekið til enn frekar skoðunar og menn kallaðir til. Mér sýnist ekki veita af að tukta einhverja til hvað þetta mál varðar.“

*

Stöð 2 þann 27. september 2011

Fréttir 18:30

Fréttamaður: Breki Logason

„Braut lög um opinber innkaup

Ríkislögreglustjóri aflaði ekki tilboða frá öðrum aðilum þegar hann verslaði við fyrirtæki í eigu lögreglumanna eða aðila tengdum þeim, fyrir hátt í 100 milljónir króna. Brot á lögum um opinber innkaup að mati ríkisendurskoðanda sem segir að ef einhver eigi að fara eftir lögum og reglum séu það þessi embætti.

Ríkisendurskoðun fékk ábendingu um að löggæslustofnanir væru að versla með vörur af fyrirtækjum, sem væru annað hvort í eigu lögreglumanna eða aðilum tengdum þeim, án þess að leita tilboða. Stofnunin aflaði því upplýsinga og eftir stóðu fjögur fyrirtæki. Fyrirtækin sem um ræðir hafa öll tengsl við lögregluna og selja ýmiss konar vörur tengdar löggæslustörfum en má þar nefna handjárn, skotheld vesti, táragas, kylfur og piparúða. Frá janúar 2008 til apríl 2011 keyptu löggæslustofnanir vörur af fyrirtækjunum fyrir samtals rúmlega 91 milljón króna.

Sveinn Arason, ríkisendurskoðandi: Við vorum náttúrulega að fara og skoða það hvort að stofnunin hlíti lögum um opinber innkaup og við bendum á í okkar, okkar ábendingu að svo virðist sem að þarna hafi ekki verið farið eftir þeim regluverki.

Segir ríkisendurskoðandi en öll kaup sem fara yfir tiltekin viðmiðunarmörk, sem nú er 6,2 milljónir, skal bjóða út. Það var ekki gert í einhverjum tilfellum ríkislögreglustjóra, sem vildi ekki veita fréttastofu viðtal vegna málsins í dag en benti á tvær yfirlýsingar þar sem hluta af því sem fram kemur í ábendingu Ríkisendurskoðunar er svarað. Þar segir meðal annars að lögum samkvæmt sé stofnunum ríkisins ekki óheimilt að eiga viðskipti við fyrirtæki í eigu lögreglumanna eða tengdra aðila. Sveinn segir að ábendingar stofnunarinnar snúi fyrst og fremst að innanríkisráðuneytinu.

Sveinn Arason: Það er þeirra að taka ákvörðun um það hvernig þau vilja haga málum eftir, hér eftir.

En er ekki mikilvægt að löggreglan fari eftir lögum og reglum í landinu?

Sveinn Arason: Já, það er nú eðlilegt að álykta sem svo að ef einhverjir eiga að fara eftir lögum og reglum að þá er það þessi embætti.“

*

Sjónvarpið þann 27. september 2011

Fréttir 19:00

Fréttamaður: Jóhann Bjarni Kolbeinsson

„Lög augljóslega brotin

Ríkisendurskoðandi segir augljóst að ríkislöggreglustjóri hafi farið fram hjá lögum um opinber innkaup síðust þrjú ár. Ríkislöggreglustjóri keypti á einu bretti vörur fyrir 13 milljónir króna af fyrirtæki í eigu eiginkonu löggreglumanns hjá embættinu, án þess að leita tilboða.

Ríkisendurskoðun hefur rannsakað viðskipti 14 löggæslustofnana við fjögur fyrirtæki sem öll eru í eigu löggreglumanna, foreldra þeirra eða eiginkvenna.

Á tímabilinu frá janúar 2008 til apríl 2011 námu viðskipti stofnananna við fyrirtækin fjögur rúnum 90 milljónum króna. Viðskiptin voru að mestu með óeirðabúnað, svo sem hjálma og grímur. Að mati Ríkisendurskoðunar brýtur hluti viðskiptanna í bága við ákvæði laga um opinber innkaup sem kveða á um að bjóða skuli út öll innkaup yfir fimm milljónum króna. Alvarlegasta brotið að mati stofnunarinnar átti sér stað í desember árið 2009. Þá keypti ríkislöggreglustjóri vörur af fyrirtækinu Trademark ehf. fyrir tæpar 13 milljónir króna en fyrirtækið er í eigu eiginkonu löggreglumanns hjá embættinu.

Viðskiptunum var skipt á þrjá reikninga sem allir voru lægri en fimm milljónir króna en eins og áður segir ber að bjóða út innkaup á vörum yfir þeirri upphæð.

Samkvæmt lögum um opinber innkaup er óheimilt að skipta viðskiptum upp í því skyni að þau verði undir viðmiðunarmörkum útboðsskyldu. Ríkisendurskoðun telur augljóst að ríkislöggreglustjóra hafi borið að bjóða kaupin út.

Sveinn Arason, ríkisendurskoðandi: Auðvitað lítum við það alvarlegum augum þegar menn fara, eða stofnanir, fara ekki eftir því regluverki sem að lýtur að þessum þætti málanna.

Jóhann Bjarni Kolbeinsson: Sýnist þér lög vera brotin í þessu tilfelli?

Sveinn Arason: Ég tel að það sé alveg augljóst að menn hafa farið fram hjá þessum lögum.

Jóhann: Og þá brotið þau?

Sveinn Arason: Já, það er kannski eðlilegt að líta svo á að það sé þannig.

Sveinn segir að það sé innanríkisráðuneytisins að taka ákvörðun um næstu skref. Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra, er í Mexíkó og ætlar ekki að tjá sig um málið í bili. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir fréttastofu vildi Haraldur Johannessen, ríkislöggreglustjóri, ekki veita viðtal vegna málsins.“

*

Að kvöldi 27. september 2011 birti mbl.is eftirfarandi viðtal við Harald Johannessen ríkislöggreglustjóra:

„Hafnar fullyrðingu um lögþrot

Ríkislöggreglustjóri, Haraldur Johannessen, hafnar því að lög um opinber innkaup hafi verið brotin við innkaup embættisins líkt og ríkisendurskoðandi heldur fram.

„Ríkisendurskoðandi fullyrti í fréttum ríkissjónvarps og Stöðvar 2 í kvöld að ríkislöggreglustjóri hefði brotið lög um opinber innkaup. Hann virðist vera algjörlega viss í sinni sök. Ég hafna alfarið þeim fullyrðingum ríkisendurskoðanda að ríkislöggreglustjóri hafi brotið lög um opinber innkaup.“

Haraldur segir það þurfa sérstaka söguskoðun til að komast að þeirri niðurstöðu að á þeim tíma, þegar upplausnarástand ríkti í þjóðfélaginu og Alþingi Íslendinga, lýðræðisstofnun landsins, var undir umsátri og löggreglumenn að verja þinghúsið, skuli ríkislöggreglustjóra hafa borið að fara í útboðsferli, eins og ríkisendurskoðun telur að ríkislöggreglustjóra hafi átt að gera.

„Þetta er í mínum huga einhvers konar eftir á mat,“ segir Haraldur. „Öll þessi kaup sem um ræðir voru að sjálfsögðu gerð með samþykki dómsmálaráðherra á þeim tíma. Hins vegar sér ríkisendurskoðun enga ástæðu til þess að gagnrýna aðkomu dómsmálaráðherra að þessum ákvörðunum og það þykir mér afar athyglisvert, svo ekki sé meira sagt.“

Haraldur segir að í því þjóðfélagsástandi sem þá var ríkjandi hafi lögreglunni verið gjörsamlega ómögulegt að afla þess búnaðar sem þurfti annars staðar frá með jafn skjótum hætti.

„Bretar höfðu sett hryðjuverkalög á Ísland. Löggjöf í Bandaríkjunum hafði breyst vegna hryðjuverkaárásanna 11. september 2001 og það var vitað um fyrirtæki hér á landi sem gátu útvegað þann búnað sem við þurftum á að halda. Það var ómögulegt annað en að leita til þeirra en um algjört neyðarástand var að ræða sem gerði okkur ógerlegt að leita annað,“ segir Haraldur enn fremur. Lögreglan hafi staðið frammi fyrir því að geta aflað löggreglumönnum með skjótum hætti öryggis- og varnarbúnaðar til að tryggja öryggi þeirra við Alþingishúsið, í hinni svokölluðu búsáhaldabyltingu. Hafi átt að fylgja út í hið ýtrasta lögum um opinber innkaup hefði það verið ógerlegt.

Haraldur segir að auk þess hljóti neyðarréttarsjónarmið að víkja löggjöf um opinber innkaup til hliðar. Það hefði hinsvegar verið gagnrýni vert ef ríkislöggreglustjóri hefði ekki gripið til þeirra úrræða að afla öryggisbúnaðar fyrir lögregluna eins og ríkislöggreglustjóri gerði en leita þess í stað eftir útboðum, kannski á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem slíkt hefði getað tekið marga mánuði.“

*

Sjónvarpið þann 27. september 2011

Fréttir 22:00

Fréttamaður: Lára Ómarsdóttir

„Geta hugsanlega krafist skaðabóta

Fyrirtæki, sem selja sambærilegar vörur og þær sem ríkislögreglustjóri keypti af venslamönum lögreglumanna, geta hugsanlega krafist skaðabóta. Þetta segir lögmaður Samtaka iðnaðarins. Hann segir of lítið eftirlit hafa verið með útboðsskyldu ríkis og sveitarfélaga.

Í úttekt Ríkisendurskoðunar á innkaupum ríkislögreglustjóra kemur fram að ríkislögreglustjóri keypti vörur fyrir um 90 milljónir króna af fyrirtækjum sem voru í eigu lögreglumanna og nánna venslamanna þeirra.

Sigurður B. Halldórsson, lögmaður Samtaka iðnaðarins: Það er ótvíræð regla í lögum um opinber innkaup að útboðsskyldan er ótvíræð.

Segir lögmaður Samtaka iðnaðarins og bætir við að fyrirtæki, sem selji sambærilega vörur og þær sem ríkislögreglustjóri keypti án útboða, geti hugsanlega farið fram á skaðabætur.

Sigurður B. Halldórsson: Í lögum um opinber innkaup er fjallað um ef, ef, ef það er brotið á ákvæðum laganna þá er, þá geta, geta fyrirtæki átt möguleika á að sækja skaðabætur og þurfa í raun og veru bara að sýna fram á að þeir hafi átt raunhæfan möguleika á að verða fyrir valinu. Sigurður segir að eftirlitið með útboðsskyldu ríkis og sveitarfélaga hafi verið ábótavant.

Sigurður B. Halldórsson: Þannig að við sögnum því þessari, þessu, álti Ríkisendurskoðunar og vonandi er þetta sem koma skal að það verði meira eftirlit með innkaupum opinberra aðila.

Lára Ómarsdóttir: Þannig að það hefur verið brotalöm þar á?

Sigurður B. Halldórsson: Já að okkar mati já. “

*

Sjónvarpið þann 27. september 2011

Fréttir 22:00

Fréttamaður: Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir

„Braut lög um opinber innkaup

Ríkislögreglustjóri braut lög þegar hann bauð ekki út innkaup til stofnunarinnar í nokkrum tilfellum á síðustu þremur árum. Þetta er mat Ríkisendurskoðanda sem hefur rannsakað viðskipti löggæslustofnana við fjögur fyrirtæki, sem öll eru í eigu lögreglumanna, foreldra þeirra eða eiginkvenna.

Á tímabilinu frá janúar 2008 til apríl 2011 námu viðskipti stofnananna við fyrirtækin fjögur rúnum 90 milljónum króna. Þannig keypti ríkislögreglustjóri vörur fyrir 13 milljónir af fyrirtæki, sem er í eigu eiginkonu lögreglumanns hjá embættinu, án þess að leita tilboða. Þetta brýtur í bága við ákvæði laga um opinber innkaup sem kveða á um að bjóða skuli út öll innkaup yfir 5 milljónum króna. Sýnist þér lög vera brotin í þessu tilfelli?

Sveinn Arason, ríkisendurskoðandi: Ég tel að það sé alveg augljóst að menn hafa farið framhjá þessum lögum.

Fréttamaður: *Og þá brotið þau?*

Sveinn Arason: Ja það er kannski eðlilegt að líta svo á að það sé þannig. “

*

Bylgjan þann 28. september 2011

Fréttir 12:00

Fréttamaður: Breki Logason

„Telur að ríkislöggreglustjóri hafi gerst brotlegur

Ríkisendurskoðun hafnar því að slíkt neyðarástand hafi ríkt í samféluginu fram í mars á þessu ári að réttlætanlegt hafi verið að víkja frá ákvæðum laga um opinber innkaup. Ríkislöggreglustjóri segir að ógerlegt hafi verið að leita annað og hafnar því að hafa brotið lög.

Ríkisendurskoðun telur að ríkislöggreglustjóri hafi gerst brotlegur við lög um opinber innkaup þegar hann verslaði við fyrirtæki í eigu löggreglumannna eða aðila tengdum þeim fyrir rúmlega 91 milljón króna á þriggja ára tímabili án þess að leita tilboða. Haraldur Johannessen, ríkislöggreglustjóri, hafnar því alfarið að hafa brotið lög um opinber innkaup.

Haraldur Johannessen, ríkislöggreglustjóri: Þarna var mjög óvenjulegt ástand í þjóðféluginu, neyðarástand sem að hafði skapast og því ógerlegt að fara í, í útboð sem hefði tekið 3 mánuði samkvæmt útboðsreglum og þessi, þessar ákvarðanir voru að sjálf sögðu teknar í samráði við dómsmálaráðherra á þeim tíma.

Þarna á Haraldur við ástundið í þjóðféluginu eftir bankahrun og í tengslum við búsáhaldabyltinguna. Hins vegar fóru kaup embættisins á öðrum vörum en óeirðagasi og piparúða af einu fyrirtækinu fram á tímabilinu maí til nóvember 2008, febrúar til nóvember 2009, janúar til desember til 2010 og janúar til mars 2011 löngu eftir að hinni svokölluðu búsáhaldabyltingu var lokið en um 17 reikninga er að ræða.

Haraldur Johannessen: Það verður að líta á, á þessi, þessi mál i heild sinni eins og ég var að segja áðan að þetta var ástand sem að hafði teygt sig yfir langt tímabil.

Breki Logason: Og nær þá, nær þá til mars á þessu ári?

Haraldur Johannessen: Þetta, til mars á þessu ári, ég meina þetta, erum við, erum við komin út úr því, því erfiða ástundi sem að, sem að, sem að þjóðin hefur verið í undanfarin ár?

Og löggreglan viti aldrei hvenær mótmæli eigi sér stað.

Haraldur Johannessen: Viðskiptin sem að þú nefnir á árinu 2011 eru á kylfum. Löggreglan samkvæmt fyrirmælum frá ríkislöggreglustjóra notar eingöngu ákveðna tegund af kylfum.

Og eingöngu einn aðili hafi fengið leyfi til þess að flytja inn þessar tilteknu kylfur. Sveinn Arason, ríkisendurskoðandi, sagði í samtali við fréttastofu í morgun að mat stofnunarinnar hefði ekki breyst frá því í gær. Stofnunin telji að ekki hafi ríkt slíkt ástand í samféluginu að réttlætanlegt hafi verið að víkja frá ákvæðum laga um opinber innkaup í öllum þessum viðskiptum. Að öðru leyti vildi hann lítið tjá sig um málið og sagði boltann nú vera hjá innanríkisráðuneytinu. Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra, er staddur erlendis og er ekki von á honum til landsins fyrr en um næstu helgi.“

*

Ríkisútværið - Rás 1 og 2 þann 28. september 2011

Hádegisfréttir 12:20

Fréttamaður: Jóhann Bjarni Kolbeinsson

„Segist ekki hafa brotið lög

Ríkislögreglustjóri hafnar því að hafa brotið lög um opinber innkaup eins og Ríkisendurskoðun heldur fram. Hann segir að ógerlegt hafi verið að fara að ýtrustu lögum um opinber innkaup í miðri búsbaldabyltingu.

Í úttekt Ríkisendurskoðunar á innkaupum ríkislögreglustjóra kemur fram að embættið og þrettán aðrar löggæslustofnanir hafi keypt vörur fyrir um 90 milljónir króna af fyrirtækjum í eigu lögreglumanna og náinna venslamanna þeirra. Ýmiskonar óeirðabúnaður, svo sem skildir, hjálmar og grímur, var keyptur frá janúar 2008 til apríl 2011 án útboðs. Að mati Ríkisendurskoðunar brýtur hluti viðskiptanna í bága við ákvæði laga um opinber innkaup en þau kveða á um að bjóða skuli út öll innkaup yfir fimm milljónum króna. Haraldur Johannessen, ríkislögreglustjóri, sendi frá sér tilkynningu vegna málsins í morgun og vísaði þar í viðtal við hann sem birtist á fréttavefnum Mbl.is í gærkvöldi.

Þar hafnar hann því að lög um opinber innkaup hafi verið brotin. Haraldur segir það sérstaka söguskoðun að þegar upplausnarástand ríkti í þjóðfélaginu og lögreglumenn þurftu að verja Alþingi Íslendinga umsátri hafi ríkislögreglustjóra borið að fara í útboðsferli. Kaupin hafi verið gerð með samþykki dómsmálaráðherra, sem þá var Björn Bjarnason. Haraldur segir að eins og ástandið var í þjóðfélaginu hafi lögreglunni verið gjörsamlega ómögulegt að afla þess búnaðar sem þurfti eftir öðrum leiðum, með jafn skjótum hætti. Hafi átt að fylgja til hins ýrasta lögum um opinber innkaup hefði það verið ógerlegt. Það hefði hinsvegar verið gagnrýnvert ef ríkislögreglustjóri hefði ekki aflað búnaðarins þegar í stað en leitað þess í stað eftir tilboðum. Ríkisendurskoðun bendir hins vegar á að alvarlegasta brotið hafi átti sér stað í desember árið 2009 þegar mótmæli og óeirðir voru að mestu um garð gengin. Þá keypti ríkislögreglustjóri vörur af fyrirtækinu Trademark ehf. fyrir tæpar 13 milljónir króna en fyrirtækið er í eigu eiginkonu lögreglumanns hjá embættinu. Viðskiptunum var skipt á þrjá reikninga sem allir voru lægri en fimm milljónir króna en eins og áður segir ber að bjóða út innkaup á vörum yfir þeirri upphæð.

Jóhann Bjarni Kolbeinsson: Og Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri er á linunni. Haraldur, nú snýr alvarlegasta athugasemd Ríkisendurskoðunar að innkaupum sem áttu sér stað í desember 2009 þegar búsbaldabyltingin var löngu búin, hvers vegna var ekki farið í útboð þá?

Haraldur Johannessen, ríkislögreglustjóri: Sko mér finnst nú alvarlegasta athugasemd Ríkisendurskoðunar beinast að því að lögreglan hafi brotið lög. Það finnst mér vera alvarleiki málsins. Ríkislögreglustjóri, eins og þarna kom fram í fréttinni, telur að farið hafi verið að lögum við þau innkaup sem Ríkisendurskoðun gagnrýnir. Við munum að sjálfsögðu fara yfir þessi mál ásamt innanríkisráðuneytinu vegna þessarar ábendingar frá Ríkisendurskoðun en við erum bara ósammála Ríkisendurskoðun um þetta.

Jóhann Bjarni: En hvers vegna var ekki farið í útboð þarna 2009 í desember?

Haraldur Johannessen: Sko það sem að um er að ræða er það að lögreglan stendur frammi fyrir upplausnarástandi í þjóðfélaginu og hefur ekki úrræði til að verja Alþingishúsið og Stjórnarráðið en aðallega hefur ekki úrræði til þess að verja heilsu og líf lögreglumannanna sem að stóðu vaktina á þessum tíma ...

Jóhann Bjarni: En var þessu ástandi ekki lokið í desember 2009?

Haraldur Johannessen: Er ástandinu lokið í dag? Ég spyr. Það kom nú upp ástand hér í október 2010.

Jóhann Bjarni: Aðeins að öðru, þessum viðskiptum þarna var skipt upp á þrjá reikninga sem allir voru lægri en 5 milljónir króna, var það ekki bara gert til að reyna að komast hjá útboðsskyldu?

Haraldur Johannessen: Að sjálfsögðu ekki, þetta var alls óskyldir reikningar og alls óskyld innkaup. Ríkisendurskoðun telur hins vegar að um ein innkaup sé að ræða og visar þar í Evrópureglur Evrópusambandsins um innkaup til löggreglu. Við segjum sem svo þetta eru ekki ein og sömu viðskiptin, þetta er ekki einn og sami búnaðurinn, þetta er óskyldur búnaður og þess vegna eru þessir þrír reikningar með þessu móti. Enda er fjárhæðin mjög lág, taktu eftir því hún er mjög lág.

Jóhann Bjarni: Þú segir í fréttatilkynningu sem þú sendir frá þér í morgun að það hafi verið ógerlegt að kaupa þennan búnað jafn fljótt ef fylgja hefði til hins ýtrasta lögum um opinber innkaup. Ertu ekki með því að viðurkenna að hafa farið á svig við lögin?

Haraldur Johannessen: Nei alls ekki hreint, ég er einmitt að segja þér það í þessu samtali að ég hafi farið að lögum. Það má ekki gleyma því að í lögum um opinber innkaup eru lagaákvæði sem að gera ráð fyrir því að það sé hægt að bregðast við með því móti sem að löggreglan gerði á þessum tíma.

Jóhann Bjarni: Pessi skýrsla Ríkisendurskoðunar er hún ekki áfellisdómur yfir störfum þínum sem ríkislöggreglustjóri?

Haraldur Johannessen: Alls ekki. Það hefði verið áfellisdómur yfir mínum störfum ef ég hefði ekki varið Alþingishúsið, Stjórnarráðið og löggregluna í landinu.

Jóhann Bjarni: Takk fyrir þetta Haraldur.

Haraldur Johannessen: Pakka þér sömuleiðis. “

*

Vísir.is

„Ástandið í þjóðfélaginu ekki næg ástæða til að fara á svig við lög

Fréttablaðið Innlent 28. september 2011 12:23

Ríkisendurskoðun hafnar því að slíkt neyðarástandi hafi ríkt í samféluginu fram í mars á þessu ári, að réttlætanlegt hafi verið að víkja frá ákvæðum laga um opinber innkaup. Ríkislöggreglustjóri segir að ógerlegt hafi verið að leita annað og hafnar því að hafa brotið lög.

Ríkisendurskoðun telur að Ríkislöggreglustjóri hafi gerst brotlegur við lög um opinber innkaup þegar hann verslaði við fyrirtæki í eigu löggreglumannna eða aðila tengdum þeim fyrir rúmlega 91 milljón króna á þriggja ára tímabili án þess að leita tilboða.

Haraldur Johannessen Ríkislöggreglustjóri hafnar því alfarið að hafa brotið lög um opinber innkaup. Hann bendir á að ástandið í þjóðfélaginu eftir bankahrun og í tengslum við búsáhaldabyltinguna í janúar 2009 hafi verið þannig að snör handtök hafi þurft til að kaupa búnaðinn.

Hinsvegar fóru kaup embættisins á öðrum vörum en ócirðargasi og piparúða, af einu fyrirtækinu fram á tímabilinu maí til nóvember 2008, febrúar til nóvember 2009, janúar til desember 2010 og janúar til mars 2011, löngu eftir að hinni svokölluðu Búsáhaldabyltingu var lokið, en um sautján reikninga er að ræða.

Sveinn Arason Ríkisendurskoðandi sagði í samtali við fréttastofu í morgun að mat stofnunarinnar hefði ekki breyst frá því í gær. Stofnunin telji að ekki hafi ríkt slíkt ástand í samféluginu að réttlætanlegt hafi verið að víkja frá ákvæðum laga um opinber innkaup í öllum þessum viðskiptum.

Að öðru leyti vildi hann lítið tjá sig um málið og sagði boltann nú vera hjá Innanríkisráðuneytinu. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra er staddur erlendis, og er ekki von á honum til landsins fyrr en um helgina.“

*

Ríkisútvarpið - Rás 1 og 2 þann 28.9.2011

Kvöldfréttir 18:00

Fréttamaður: Jóhann Bjarni Kolbeinsson

„Alvarlegar ábendingar

Innanríkisráðherra segir ábendingar Ríkisendurskoðunar um innkaup ríkislöggreglustjóra alvarlegar. Hann segir að þær verði tekna til markvissrar skoðunar í ráðuneytinu.

Ríkisendurskoðun hefur rannsakað viðskipti 14 löggæslustofnana við fjögur fyrirtæki sem öll eru í eigu löggreglumann, foreldra þeirra eða eiginkvenna. Á tímabilinu frá janúar 2008 til apríl 2011 námu viðskipti stofnananna við fyrirtækin fjögur rúnum 90 milljónum króna. Viðskiptin voru að mestu með óeirðabúnað svo sem hjálma og grímur. Ríkislöggreglustjóri keypti á einu bretti vörur fyrir 13 milljónir króna af fyrirtæki í eigu eiginkonu löggreglumanns hjá embættinu, án þess að leita tilboða. Að mati Ríkisendurskoðunar brjóta viðskiptin í bága við ákvæði laga um opinber innkaup sem kveða á um að bjóða skuli út öll innkaup yfir fimm milljónum króna eða 6,2 milljónir króna miðað við núverandi vísitölu neysluverðs. Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra, segist líta málið alvarlegum augum.

Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra: Já, okkur hefur borist skýrsla Ríkisendurskoðunar með ýmsum aðfinnslum og ábendingum og við tökum þær að sjálfssögðu til markvissrar skoðunar og ráðuneytið hefur óskað eftir skýrslu frá ríkislöggreglustjóra um þau atriði sem snúa að því embætti og varða innkaup og annað slikt. Þannig við erum að taka málið markvissum tökum. Þetta eru hins vegar alvarlegar ábendingar og, og aðfinnslur sem þarna koma fram og, og við tökum á málínus í samræmi við pað.

Jóhann Bjarni Kolbeinsson: Ríkisendurskoðandi kemst að þeirri niðurstöðu að ríkislöggreglustjóri hafihreinlega brotið lög.

Ögmundur Jónasson: Ríkisendurskoðun er ekkert æðsta dómsvald í þessum málum. Ríkisendurskoðun er að koma þarna fram með aðfinnslu og ábendingar og þær fá markvissa skoðun en við gefum okkur ekkert fyrirfram um niðurstöður í þeim efnum.“

*

Sjónvarpið þann 28. september 2011

Fréttir 19:00

Fréttamaður: Jóhann Bjarni Kolbeinsson

„Hafnar ásökunum Ríkisendurskoðunar

Ríkislöggreglustjóri viðurkennir að það sé óheppilegt að löggreglumenn og nánustu ættingjar þeirra eigi fyrirtæki sem embættið verslar við. Hann hafnar hins vegar alfarið ásökunum Ríkisendurskoðunar um lögbrot við opinber innkaup.

Innkaup ríkislöggreglustjóra voru gagnrýnd harðlega í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem birt var í gær. Embættið keypti ýmsar óeirðavörur af fyrirtækjum í eigu löggreglumanna eða nánustu ættingja þeirra, fyrir um 20 milljónir króna á þriggja ára tímabili án útboðs.

Í fréttatilkynningu sem ríkislöggreglustjóri sendi frá sér í morgun segir hann að viðskiptin hafi átt sér stað í miðri búsáhaldabyltingu. Það hafi verið ógerlegt að kaupa búnaðinn jafnfljótt og raun bar vitni ef fylgja hefði átt til hins ítrasta lögum um opinber innkaup. En er hann ekki að viðurkenna með því að hann hafi farið á svig við lögin?

Haraldur Johannessen, ríkislöggreglustjóri: Ég er einmitt að segja það að það ástand sem var í þjóðfélaginu á þessum tíma kallaði á skjót viðbrögð.

Ég er að segja það að lög um opinber innkaup gera ráð fyrir því að það sé ekki farið til hins ítrasta eftir þeim lögum, það er til dæmis ákvæði um það að það sé heimilt að víkja frá því.

Par vísar Haraldur til laga um opinber innkaup þar sem segir að innkaup séu heimil án útboðs þegar þau eru algerlega nauðsynleg vegna aðkallandi neyðarástands. Ríkisendurskoðun fellst hins vegar ekki á þessar skyringar varðandi innkaup árið 2009 þegar búsáhaldabyltingunni var löngu lokið. Haraldur segir hins vegar að það hafi ekki komið til greina að bjóða viðskiptin út.

Haraldur Johannessen: Nei, það var okkar mat að það væri ekki tími til þess. Ástandið var þannig að, okkar hættumat var þannig, að það varð að gera þetta með þessum hætti.

Haraldur viðurkennir þó að það sé óheppilegt að ríkislöggreglustjóri versli við fyrirtæki sem eru í eigu löggreglumanna eða nánustu ættingja þeirra.

Jóhann Bjarni Kolbeinsson: Getur þetta ekki hreinlega boðið upp á spillingu innanlögregluembættanna?

Haraldur Johannessen: Ja, sko, það er óheppilegt einmitt vegna þess að það lítur mjög illa út. Í hugum almennings þá, þá, þá svona geta vaknað efasemdir um það að þessi mál séu öll uppi á borðunum og hrein og klár. En ég vek athygli á því að það er ekki ólögmætt að versla við slík fyrirtæki og löggreglumönnum er ekki heldur óheimilt að eiga þau.

Innanríkisráðherra segir að þegar hafi verið kallað eftir skýrslu frá ríkislöggreglustjóra um málið.

Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra: Þetta eru hins vegar alvarlegar ábendingar og, og aðfinnlur sem þarna koma fram og við tökum á málinu í samræmi við það.“

*

Ríkisútværið - Rás 1 og 2 þann 4. október 2011

Hádegisfréttir 12:20

Fréttamaður: Freyr Eyjólfsson

Fréttamaður: Margrét Marteinsdóttir

„Vill að ríkislöggreglustjóri stígi til hliðar

Róbert Marshall, varaformaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis segir að ríkislöggreglustjóri eigi að stíga til hliðar strax á meðan rannsókn á innkaupum embættisins fari fram.

Róbert Marshall, varaformaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar: Ríkisendurskoðun er búin að fara yfir þessi mál og komast að ákveðinni niðurstöðu. Þannig að það er ekki bara einhver úti í bæ sem að er að láta sér detta það i hug að ríkislöggreglustjóri hafi farið á svig við lög og reglur heldur síu stofnun sem að nákvæmlega er ætlað að gera úttekt á því og í mínum huga ber ríkislöggreglustjóra þá strax að stíga til hliðar og fram fari rannsókn á því, á þessum hérna, þessari niðurstöðu Ríkisendurskoðunar að minnsta kosti. En það sem að skiptir mestu málí er trúverðugleiki ríkislöggreglustjóra og hann hefur boðið hnekki í þessu málí og honum ber þess vegna að setja hag síns embættis framar persónulegum hag og fara frá á meðan á þessu stendur.

Margrét Marteinsdóttir: Það hefur sem sagt að þínu mati nægilega margt komið fram í þessu málí til þess að þú komist að þessari niðurstöðu?

Róbert Marshall: Ja, mér finnst það bara sko, það sem að, ef ég, sko ég get ekki fellt dóm frekar en innanríkisráðherra en það sem að skiptir mestu málí er að fólk treysti embætti ríkislöggreglustjóra.

Freyr Eyjólfsson: Þú vilt sem sagt að ríkislöggreglustjóri segi af sér tímabundið meðan málíð er rannsakað?

Róbert Marshall: Það finnst mér. “

*

Vefritið Smugan þann 4. október 2011

„Innanríkisráðherra telur ekki að ríkislöggreglustjóri þurfí að stíga til hliðar

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra er ekki sammála alþingismanninum Róberti Marshall sem vill að Haraldur Johannessen ríkislöggreglustjóri víki strax á meðan rannsókn á innkaupum Ríkislöggreglustjóraembættisins fari fram. „Ég er bara ekki sammála þessu. Ábendingar Ríkisendurskoðunar eru teknar alvarlega en málið er í eðlilegum farvegi,“ segir Ögmundur. „Það hefur verið óskað eftir greinargerð frá ríkislöggreglustjóra þar sem hann fær tækifæri til að standa fyrir máli sínu. Þá hefur ráðuneytið skrifad öllum undirstofnunum sínum og óskað eftir upplýsingum um hvernig staðið sé að innkaupum. Þannig er reynt að bregðast við á markvissan hátt,“ segir ráðherrann.

Róbert Marshall þingmaður Samfylkingarinnar, sagði í morgunútvarpi rásar 2 að ríkislöggreglustjóri ætti að stíga til hliðar strax á meðan rannsókn á innkaupum embættisins fari fram. Hann sagði að trúverðugleiki ríkislöggreglustjóra hefði beðið hnekki í þessu máli og honum bæri því að setja hag síns embættis framar eigin hag og fara frá á meðan þessu stæði. “

*

Ríkisútvarpið - Rás 1 og 2 þann 4. október 2011

Spegillinn

Fréttamaður: Gunnar Gunnarsson

„Innkaup löggæslustofnana

Ríkisendurskoðun sendi frá sér ábendingu eins og það heitir um innkaup löggæslustofnana. Það gilda lög um innkaup ríkisstofnana, þar segir að öll innkaup skuli bjóða út fari þau yfir 5 milljónir króna. Sú fjárhæð er reyndar ekki endanleg heldur hækkar eins og allar fjárhæðir á Íslandi verðbólgunnar og visitölunnar. Nú verður að bjóða út innkaup sem eru dýrari en 6,2 milljónir króna. Það skal gæta jafnræðis og gagnsæis við opinber innkaup segir jafnframt í lögnum og það er óheimilt að mismuna fyrirtækjum á grundvelli þjóðernis eða öðrum sambærilegum aðstæðum. Í þessu felst segir í ábendingu frá Ríkisendurskoðun og birt er á vef stofnunarinnar að ómóalefnaleg sjónarmið megi ekki ráða fór við kaup á vörum eða þjónustu heldur eiga allir að geta keppt um viðskiptin sem hafa til þess hæfni eða getu. Ríkislöggreglustjóri létt kaupa varning af fjórum fyrirtækjum sem öll eru í eigu fólks sem tengist löggæslustofnunum með einum eða öðrum hætti. Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra er það yfirvald sem ríkislöggreglustjóri heyrir undir. Hann er nú að íhuga og rannsaka þetta innkaupamál Haralds Johannessen, ríkislöggreglustjóra og hefur ekki enn komist að niðurstöðu. En heyrum hvað Róbert Marshall, alþingismaður sagði um málið á Morgunvaktinni í morgun.

Róbert Marshall, alþingismaður: Og í minum huga ber ríkislöggreglustjóra þá strax að stíga til hliðar og fram fari rannsókn á því, á þessum hérna, þessari niðurstöðu Ríkisendurskoðunar að minnsta kosti. En það sem að skiptir mestu máli er trúverðugleiki ríkislöggreglustjóra og hann hefur boðið hnekki í þessu máli og honum ber þess vegna að setja hag síns embættis framar persónulegum hag og fara frá á meðan á þessu stendur. Sko ég get ekki fellt dómk frekar en innanríkisráðherra en það sem að skiptir mestu máli er að fólk treysti embætti ríkislöggreglustjóra og eftir þessar upplýsingar er ekki hægt að gera það í þessu máli. Og það er ekki hægt að hérna láta það duga að ríkislöggreglustjóri hafi ekki sagst brotið lög eða hann hafi, nauðsyn hafi krafð hann til þess að hérna fara framhjá þeim. Það er ekki hans að kveða úr um sakleysi sitt í þeim efnum. Það sem mestu máli skiptir er að almenningur,

við sem að ákváðum að setja þessa stofnun á fót getum treyst því að hún sé að vinna í samræmi við lög og reglur, í samræmi við hlutverk sitt og við getum ekki gert það núna. Það er það sem að mestu máli skiptir. Það snýst ekki um það hvort að ríkislöggreglustjóri sé sekur eða saklaus heldur bara hvað það, hvernig, hvort að stofnunin og hann njóti trúverðugleika.

Róbert Marshall er þingmaður fyrir Samfylkinguna og er varaformaður hinnar nýju stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis. Hann taldi vafalaust að sú nefnd myndi fjalla um þetta mál ríkislöggreglustjóra. En er það þannig spyrjum við hér að ríkislöggreglustjóri eigi skilyrðislaust að víkja á meðan yfirmaður hans innanríksráðherrann kannar hvort hann hafi gerst sekur um eithvað. Spegillinn bar málid undir Gunnar Helga Kristinsson, prófessor í stjórnsýslufræðum.

Gunnar Gunnarsson: *Er þetta ekki rétt hjá þingmanninum, verður ekki löggreglustjóri að stíga til hliðar?*

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnsýslufræðum: *Ja, ég held að það fari aðeins eftir sko eðli þess brots sem að hann er grunaður um að hafa framið. Ég held að það sé ekki ástæða til þess að hann stigi til hliðar nema það séu líkur á því að brotið sé þess eðlis að ef að hann væri fundinn sekur um það að þá yrði, yrði honum veitt lausn, varanleg lausn úr starfi. En ef að, ef að hérrna það er mat manna að brotið sé ekki svo alvarlegt að þá held ég að það sé ekki ástæða til þess að veita honum lausn um stundarsakir.*

Gunnar: *En hver á að ákveða það hve alvarlegt brotið gæti verið eða er?*

Gunnar Helgi Kristinsson: *Ja, nú er sko ríkislöggreglustjóri hann er embættismaður og ef að embættismanni er vikið hliðar um stundarsakir þá ber að skipa nefnd til að rannsaka málid og nefndin kemst að því hvort að hérrna honum beri að víkja varanlega eða ekki og það er þess vegna sem ég segi að það verður, það er ákveðið, svona ákveðin hugsun í því ef þú víkur um stundarsakir þá hlýtur að vera ákveðið samhengi við það að það séu líkur á því að nefndin staðfesti þá niðurstöðu.*

Gunnar Helgi bendir á að það hafi verið til lög sem gilda um starfsmenn ríkisins í hálfu öld. Þau lög hafi hins vegar ekki verið notuð oft. En þetta mál Haralds Johannessens snýst um innkaup á sérhæfðum búnaði til handa lögreglumönnum sem hann gat hugsanlega ekki fengið annars staðar nema með ærinni fyrir höfn. Er ekki hætt við að við verðum of smásmugulegir ef við ætlum að elta lagabókstafinn út í ystu æsar. Nei, segir Gunnar Helgi, embættismenn eiga að vanda sig.

Gunnar Helgi Kristinsson: *Það hafa verið til starfsmannalög á Íslandi í hérrna meira en hálfu öld og þessi, þessi hérrna starfsmannalög sem við gildum, sem eru núna frá 1996 hafa kannski ekki bara verið notuð nægilega mikil. Ég held að það sé alveg full ástæða til þess að embættismenn vandi sig og fari eftir settum reglum og það er ánægjulegt að þau stjórnvöld sem að til þess eru bær eins og Ríkisendurskoðun og umboðsmaður Alþingis, þau hafi eftirlit með embættismönnum og það eru bara hlutirnir eins og þeir eiga að ganga fyrir sig í stjórnsýslu. Það er, það er bara eðlileg og góð embættismennska, embættisfærsla.*

Gunnar: *En nú er þingið svoltíð að breyta sér innan frá og komnar þar eftirlitsnefndir. Er þetta mál sem að ætti skoðast þar?*

Gunnar Helgi Kristinsson: *Ja, það getur svo sem vel verið sko en eftirlit þingsins beinist í raun og veru að ráðherra frekar heldur en kannski einstökum embættismönnum. Þannig að sko ef að þingið vill hérrna af því að fulltrúi þingsins er ráðherrann. En embættismaður er starfsmaður ráðherrans. Þannig að sko það er ráðherrans að hafa eftirlit með embættismönnum og það er þingsins að hafa*


Viðauki

eftirlit með ráðherra. Þannig að i þessu tilviki þá er það ráðherrann sem á að sjá um að þetta sé í lagi.

Gunnar: Ögmundur kom í útvarpsviðtal í gær og sagðist vilja kynna sér málið af því hann hafði verið í burtu. Hann vill kynna sér málið áður en hann kveður upp dóm og vildi ekkert meira um það segja. Er það hans að kveða upp þennan dóm?

Gunnar Helgi Kristinsson: Já, ráðherrann er yfirmaður viðkomandi embættismanns og það er þess vegna bara algjörlega til fyrirmyndar að hann vilji kynna sér mál áður en hann lætur í ljós einhverja skoðun um það og það er bara þannig að ef hann siðan, ef hann siðan sko ðætlað að kveða upp einhvern úrskurð um það hvort embættismaðurinn eigi að vikja um stundarsakir eða ekki, ja þá gæti hann verið búinn a gera sjálfan sig vanhæfan með því að vera að tjá sig um málið áður en hann er búinn að rannsaka það.“

Reykjavík, 6. október 2011



The image shows four handwritten signatures in blue ink. From left to right: 1) A signature consisting of a large 'H' and 'J' followed by 'Haraldur Johannessen'. 2) A signature consisting of a stylized 'J' and 'B' followed by 'Jón F. Bjartmarz'. 3) A signature consisting of a stylized 'J' and 'P' followed by 'Jónas I. Pétursson'. 4) A signature consisting of a stylized 'G' and 'G' followed by 'Guðmundur Guðjónsson'.

Haraldur Johannessen

Jón F. Bjartmarz

Jónas I. Pétursson

Guðmundur Guðjónsson